

## 245. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 21. ágúst 2006.

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 8:30.

Mættir voru auk hans:

Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra

Ingi Rúnar Eðvarðsson fulltrúi kennara

Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara

Kristján Sturluson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Bjarni Jónasson forstöðumaður

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð 244. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

### 2. Skipan háskólaráðs - kosning varaforseta og ritara

Ingi Rúnar Eðvarðsson tekur sæti Önnu Þóru sem er í rannsóknaleyfi skólaárið 2006-2007. Fulltrúar kennara skipta með sér verkum varaforseta og ritara og var Ingi Rúnar valinn varaforseti og Ingibjörg ritari.

### 3. Drög að stefnu Háskólans á Akureyri 2006–2010

Bjarni Jónasson kynnti drög að stefnu HA 2006–2010 en eins og áætlað var fundaði stýrihópur um stefnumótun með rýnihópum í lok júní. Háskólaráð samþykkti stefnudrögin með breytingum og fól stýrihópi að skilgreina lykilmælikvarða og viðmið og koma með tillögur þar að lútandi á fund háskólaráðs í september.

### 4. Önnur mál

4.1 Rektor upplýsti um gang mála við gerð stofnanasamnings við FHA.

4.2 Fundir háskólaráðs á haustmisseri verða 1. september, 25. september, 30. október, 27. nóvember og 11. desember. Fundurinn 1. september hefst kl. 8:30 en aðrir kl. 9:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

*Þorsteinn Gunnarsson*  
*Ingi Rúnar Eðvarðsson*  
*Ingibjörg Elíasdóttir*  
*Guðbrandur Sigurðsson*